

Fundur í stjórn Foreldrafélagsins mánudaginn 8. des. 2014

Mættar eru Vaka, Erla, Sigrún, Áshildur, Fanney, Claudia, Auður, Martha og Sigríður sem jafnframt er ritari.

Fundurinn byrjar með i umræðum um 10. bekkjar ballið. Virðist það hafa tekist vel og krakkarnir skemmt sér vel. En spurning er með hvernig kostnaðurinn kemur út og ræddum við um mikilvægi þess að samræmdar reglur verði settar um kostnað við svona samkomur og þá horft til Samtaka í því máli, til að fyrirbyggja samkeppni í ballhaldinu á milli skóla í bænum, þannig að ekki sé verið að kaupa rándýra skemmtikrafta til að "toppa" aðra skóla. Þar sem ekki má kosta meira inn en 1000 kr inn, en tryggja þarf að ekki verði tap á samkomunum.

Varðandi böllin fyrir yngri börnin þá þarf að huga að tónlistarvali og einhver fullorðinn að hafa hönd í bagga með hvað er spilað og hve hátt, einnig hugmynd að eitthvað sé gert með yngstu krökkunum farið í leiki eða fundið uppá einhverju skemmtilegu sem þá væri hægt að kalla eitthvað annað en ball. Einnig að skólinn setji sér reglur um að ekki sé selt sælgæti á þessum samkomum, heldur t.d niðurskornir ávextir, popp eða eitthvað álíka ef sala á einhveju slíku þyki nauðsynleg.

Umræða var um vinnuskipulag í sambandi við vinnu foreldra eins og á þessum kvöldum og nauðsyn þess að að finna fyrirkomulag þar sem fólk getur t. d skráð sig niður á vaktir en sé ekki endilega úthlutað tíma sem svo kanski hentar alls ekki.

Ræddum árshátíðina og framkvæmdina á henni. Ánægja ríkti með með atriðið hjá 1.2.3.bekk og hvað það var flott að allir voru með.

Óánægja með að 4.og 5. bekkur séu ekki með eitthvert atriði hefði t.d. verið hægt að hafa söngatriði eða eitthvað sem ekki hefði krafist mikils undirbúnings en ljóst er að bæði foreldrum og börnum fannst leiðinlegt að þau voru ekki með því þetta er jú árshátíð skólans og þau utangátta í því. Óánægja með hvað fáir einstaklingar af unglíngastigi taki þátt og jafnvel fái tækifæri. Gerð er krafa um að allir taki þátt í skemmtiatriðum líka 10. bekkur. Hugmynd um að krökkunum sé t.d skipt upp í hópa að hausti og fái verkefni eða velji sér, sem þau vinna þá fyrir árshátíðina. Leikrit, söngleikur, uppistand, söngur, dans....þetta eru svo hæfileikaríkir krakkar sem eru að bralla fullt útum allan bæ;-)) Spurning svo, hvort sniðugt sé að unglíngastigið sé sér með sína árshátíð?

Við ræddum við fyrirkomulagið sem hefur verið með kaffibrauðið í árshátíðarkaffinu en einhverjir sem eiga börn í yngri bekkjunum eru ósáttir við að baka og þurfa að borga sig inn líka. Við erum sammála um að allir séu glaðir þegar börnin eru komin í 10. bekk, að sleppa við bakstur þá, þegar margt annað þarf að gera. En allt hefur kosti og ókosti, en við teljum þetta besta fyrirkomulagið að svo stöddu.

Ræddum aðeins um námsmat, en er sem sumum finnst stopult það sem kemur inná Mentor að kannanir skili sér ekki þar inn og eins með markmiðin.

Að lokum ræddum við aðeins fjármál félagsins,, búið að borga Magna, sem vakti lukku á 5 ára afmæli skólans, þátttöku á greiðslu á jólasveini og tölvudóti fyrir myndvinnslu fyrir unglíngastigið. Rukkanir fyrir foreldrafélagið eru komnar í heimabanka.